



Reykjavík, 4. september 2017

Auglýsing KÍ um fræðslunámskeið fyrir trúnaðarmenn

Kæru trúnaðarmenn!

Fræðslunefnd KÍ stendur fyrir árlegu fræðslunámskeiði fyrir trúnaðarmenn um störf þeirra, réttindi og skyldur og er markmiðið að efla trúnaðarmenn í störfum sínum og þekkingu á réttinda- og hagsmunamálum félagsmanna.

Námskeiðið beinist sérstaklega að nýlegum og nýjum trúnaðarmönnum. Með nýlegum trúnaðarmönnum er átt við þá sem hafa verið trúnaðarmenn undanfarin tvö ár og með nýjum trúnaðarmönnum er átt við þá sem eru trúnaðarmenn frá upphafi þessa skólaárs. Námskeiðið er að sjálfsgöðu opið fyrir aðra trúnaðarmenn ef þeir telja sig hafa þörf fyrir þessa fræðslu.

ATHUGIÐ að fræðsla KÍ fyrir trúnaðarmenn snýst um sameiginleg réttinda- og hagsmunamál en ekki um kjarasamninga og starfsemi aðildarfélaga KÍ því viðkomandi félag sér um þá fræðslu.

Fræðslunámskeiðið verður haldið í Reykjavík, Grand hóteli, miðvikudaginn 11. október nk. kl. 10:00 – 15:00, og er mæting kl. 9:30.

Á námskeiðinu verður fjallað um skipulag og starfsemi KÍ, réttindi og skyldur trúnaðarmanna, ráðningarmál og réttindi, fæðingarorlof, veikindarétt og orlof og fleira. Dagskrá verður send út innan tíðar. Upplýsingar um námskeiðið eru ennfremur á heimasíðu KÍ undir „Trúnaðarmenn“.

Námskeiðið verður sent út í streymi og er hægt að fylgjast með því í hvaða nettengdri tölvu sem er. Þeir sem velja þennan kost geta sent fyrirspurnir og ábendingar í tölvupósti til fundarstjóra meðan á námskeiðinu stendur.

Trúnaðarmenn eru beðnir um að skrá sig strax á námskeiðið á þessari slóð:
<https://goo.gl/forms/0Fa3pOZzhmP9SUI13>

Mikilvægt er að merkja við hvort þið ætlið að mæta á fundarstað eða taka þátt í námskeiðinu í streymi.

Námskeiðsgögn verða aðgengileg á netinu og eru trúnaðarmenn beðnir að hafa með sér fartölvur eða spjaldtölvur.

Vinsamlega gerið skólastjórnendum grein fyrir fjarveru ykkar og ástæðum. Í þessu bréfi á bls. tvö eru ennfremur reglur KÍ um ferðakostnað.

Með félagskveðju
F.h. fræðslunefndar KÍ
Aðalheiður Steingrímsdóttir formaður

Reglur KÍ um ferðakostnað

KÍ greiðir ferðakostnað þeirra sem búa utan höfuðborgarsvæðisins miðað við skemmstu mögulegu dvöl í Reykjavík til að sækja námskeiðið.

Flugferðir: Þeir sem koma með flugi eru beðnir um að bóka sjálfir flug á vefnum og greiða. Þeir sem búa lengra en 25 km frá flugvelli fá greiddan akstur umfram 25 km hvora leið. Þeir sem koma með flugi fá greidda leigubíla innan Reykjavíkur til og frá fundarstað. Mikilvægt er að bóka flug sem fyrst til að ná lágum fargjöldum.

Akstur á eigin bifreið: Þeir sem koma akandi á eigin bifreið og búa í meira en 25 km fjarlægð frá fundarstað fá greiddan akstur samkvæmt kílómetragjaldi og vegtoll (göng) ef um hann er að ræða. Þeir sem eiga kost á flugi en kjósa að aka á eigin bifreið fá greidda upphæð sem nemur verði flugfarmiða. Þeir sem búa á sama svæði eru beðnir um að sameinast í bíla eins og kostur er.

Áætlunarbílar og ferjur: Þeir sem ferðast með áætlunarbíl eða ferju fá greitt fargjald og leigubíl til og frá fundarstað.

Gisting: KÍ greiðir gistingu á **Fosshótel Barón, Lind eða Rauðará í Reykjavík að hámarki kr. 10.400 á nótt** (einstaklingsherbergi með morgunmat).

Þeim sem þurfa að gista er bent á eftirfarandi leiðir:

1. Bóka sjálfir hótélherbergi og nota hótélávísun frá orlofssjóði KÍ sem þeir kaupa á orlofsvef sjóðsins á heimasíðu KÍ (ki.is).
2. Bóka sjálfir herbergi á Sóleyjargötu 25 eða 33 í Reykjavík á vef orlofssjóðsins á heimasíðu KÍ (ki.is).

Í báðum tilvikum eru orlofspunktur bakfærðir eftir á.

Á fundarstað skal fylla út ferðakostnaðareyðublað og láta kvittanir fyrir útlögðum kostnaði samkvæmt ofangreindum reglum fylgja með.